

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2012

2012/EES/70/02

frá 28. september 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/648/ESB frá 4. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar að bæta Belgíu við á skrá yfir aðildarríki sem eru laus við Aujeszzkys-veiki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/879/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu á II. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2009/158/EB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/112/ESB frá 17. febrúar 2012 um breytingu á viðauka E við tilskipun ráðsins 92/65/EBE að því er varðar fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr frá bújörðum og dýr, sæði, egg og fósturvísu frá samþykktum aðilum, stofnunum eða miðstöðvum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1 og í 15. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 8.1:
„– **32012 D 0112**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/112/ESB frá 17. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 51).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB) í hluta 4.2:
„– **32011 D 0648**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/648/ESB frá 4. október 2011 (Stjtið. ESB L 260, 5.10.2011, bls. 19).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3a (tilskipun ráðsins 2009/158/EB) í hluta 8.1:
„– **32011 D 0879**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/879/ESB frá 21. desember 2011 (Stjtið. ESB L 343, 23.12.2011, bls. 105).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 260, 5.10.2011, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 343, 23.12.2011, bls. 105.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 51.

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2011/648/ESB, 2011/879/ESB og 2012/112/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.